



**COVID-19 og geðþjónusta
Meðferð og móttaka sjúklinga á farsóttatímum**

5. útgáfa, 18.12.2020

Ritstjórn - Hrafnhildur Benediktsdóttir
Ábyrgðarmaður - Nanna Briem

[Almennt um COVID-19 og smitgát](#)

[Grundvallarsmitgát](#)

[Grímuskylda](#)

[Heimsóknir til sjúklinga](#)

[Útsetning](#)

[Einkenni COVID-19](#)

[Sóttkví og einangrun](#)

[Markhópur fyrir innlagnir](#)

[Flutningur sjúklings -tafla](#)

[Röðun sjúklinga í einangrun á deild](#)

[Sýnataka](#)

[Skimun inniliggjandi sjúklinga](#)

[Varnarteymið](#)

[Stöðumat varnarteymis](#)

[Öryggishnappar](#)

[Einangrunarlagar](#)

[Meðferð og skráning líkamlegra einkenna](#)

[Verklag á farsóttaeiningum/einangrun](#)

[Ferli líns og sorps út af farsóttaeiningu](#)

[Mataráhöld á farsóttaeiningu/einangrun](#)

[Þrif](#)

[Versnun á líkamlegum veikindum - sjúklingur fluttur](#)

[Útskriftir](#)

[Bráðamóttaka geðþjónustu](#)

[Starfsmenn](#)

Almennt um COVID-19 og smitgát

COVID-19 er sjúkdómur af völdum nýrrar kórónaveiru (2019-nCoV, SARS-CoV-2). Margar kórónaveirur eru til og valda flestar meinlausu kvefi. SARS-CoV-2 getur hins vegar valdið alvarlegum veikindum og er mjög smitandi. Einkenni koma fram þremur til 14 dögum eftir útsetningu; algeng einkenni eru hiti, hósti og mæði. Einkennin eru mismikil og líklegt er að smithætta haldist í hendur við alvarleika einkenna. Veiran verður óvirk ef hún kemst í snertingu við sápu eða spritt.

[Skilgreining á tilfelli](#) skv. landlækni má finna hér.

Grundvallarsmitgát

- Notum skurðstofugrímur öllum stundum í samræmi við [vinnulýsingu](#).
- Sérstaka gát skal viðhafa þar sem fólk tekur grímur niður, t.d. í kaffistofum. Smit hafa borist manna á milli með t.d. mataráhöldum og matarumbúðum.
- Þegar grímur eru teknar niður til að matast, þurfa að vera 2 metrar á milli manna.
- Það er sérstaklega mikilvægt að allir gestir noti skurðstofugrímur öllum stundum.
- [Handþvottur](#) hefur mest áhrif á tíðni og útbreiðslu sýkinga á sjúkrahúsum.
- Hanskar eru einnota og skal fjarlægja strax að verki loknu.
- Notum viðeigandi [hlífðarbúnað](#) til að verja vinnufatnað og hindra dreifingu örvera.
- Höldum tveggja metra fjarlægð.
- Þrífum snertifleti og hugum sérstaklega að [sóttþreinsun sameiginlegra tækja](#)

Grímuskylda

Undantekingalaus [grímuskylda](#) er í gildi á Landspítala. Reglan gildir um starfsfólk, nema og gesti.

Heimsóknir til sjúklinga

Almennar reglur um [heimsóknir](#). Gestir eiga að bera grímu öllum stundum og mega ekki koma í heimsókn hafi þeir einkenni sem geta bent til COVID-19 smits.

Útsetning

Sá sem telst mikið útsettur:

- Býr á sama heimili og einstaklingur með COVID-19.
- Hefur verið í beinni snertingu við einstakling með COVID-19 (t.d. handaband).
- Hefur verið í beinni snertingu við líkamsvessa frá einstaklingi með COVID-19 án hlífðarbúnaðar (t.d. hóstað á hann, snertir vasaklút með berum höndum).
- Hefur verið augliti til auglits (minna en 1-2 metrar) eða dvalið í lokuðu rými með einstaklingi með COVID-19 án grímu (t.d. bíl, skólastofu, fundarherbergi, biðstofu, flugvél o.s.fr.v.).
- Hefur verið við umönnun einstaklings með COVID-19 án tilhlýðilegs hlífðarbúnaðs.
- Hefur dvalið erlendis síðustu 14 daga.

Einkenni COVID-19

Frá efri öndunarferum:

- Hósti
- Hálssærindi
- Nefstífla
- Mæði

Önnur einkenni:

- Hiti
- Þreyta

- Lystarleysi
- Slappleiki
- Vöðvaverkir
- Höfuðverkur

Sjaldgæfari einkenni:

- Niðurgangur
- Ógleði
- Uppköst
- Breyting á bragð- og/eða lyktarskyni.
- Eldra fólk og ónæmisbældir geta verið með ódæmigerð einkenni.

Sóttkví og einangrun

Sjúklingar okkar geta fengið aðrar umgangspæstir og einkenni af öðrum orsökum en COVID-19. Miklu skiptir að nota viðgeigandi smitgát þegar hennar er þörf. Hafa ber í huga mögulega útsetningu sjúklings, svo og einkenni hans.

Sóttkví: Sjúklingur er mögulega smitaður þar sem hann hefur verið útsettur fyrir smiti, en er ekki með einkenni samkvæmt lista hér að ofan.

Á Landspítala stendur sóttkví yfir í 14 daga eftir útsetningu. Dagarnir eru taldir frá deginum eftir útsetningu. Dagur útsetningar er því dagur núll. Ef einkenni koma fram á meðan sóttkví stendur er sjúklingur settur tafarlaust í einangrun og stroksýni tekið.

Einangrun: er fyrir sjúklinga með einkenni sem geta bent til COVID-19 (oft kallað obs COVID), eða staðfest COVID-19 smit. Einangrun er aflétt 14 dögum frá greiningu og þegar sjúklingur hefur verið einkennalaus í sjö daga.

	Sóttkví án einkenna	Einangrun Einkenni/staðfest COVID-19 smit
Einkenni/útsetning	Útsettur sjúklingur <u>án</u> einkenna	Einkenni sem geta bent til COVID-19 smits Staðfest COVID-19 smit
Hlífðarbúnaður starfsmanns sem fer inn á herbergi sjúklings/ farsóttæiningu (óhrein starfsmaður)	Síðerma tausloppur (nota má plastsvuntu eða einnota hlífðarslopp ef hætta er á vætu) Skurðstofugríma Hlífðargleraugu eða andlitshlíf Einnota hanskar	Síðerma tausloppur eða einnota hlífðarsloppur (nota má plastsvuntu eða einnota hlífðarslopp ef hætta er á vætu) Fínagnagríma með eða án túðu Skurðstofuhúfa Hlífðargleraugu eða andlitshlíf Einnota hanskar
Hlífðarbúnaður hreins starfsmanns (til aðstoðar utan við óhreint svæði)	Síðerma tausloppur Skurðstofugríma Einnota hanskar	Síðerma tausloppur (nota má plastsvuntu eða einnota hlífðarslopp ef hætta er á vætu) Skurðstofugríma Einnota hanskar
Lengd meðferðar	14 dagar frá útsetningu	14 dagar frá greiningu og sjúklingur hefur verið einkennalaus í 7 daga
Þrif	Dagleg þrif -starfsmenn ræstinga Lokaþrif: Flokkur 1	Dagleg þrif -starfsmenn ræstinga Lokaþrif: Flokkur 4

Mikilvægasta viðbragðið þegar grunur vaknar um smit er EINANGRUN á sjúklingi, sem er ekki aflétt fyrr en staðfesting á neikvæðu svari úr sýnatöku liggur fyrir. Ef flytja þarf sjúkling, jafnvel þótt um sé að ræða stutta vegalengd, notar hann fínagnagrímu án túðu og sprittar hendur. Ef grunur vaknar um smit þarf að meta hvort frekari ráðstafana er þörf varðandi útsett starfsfólk og samsjúklinga.

[Vinnulýsing-smit greinist óvænt á deild](#)

[Vinnulýsing-einangrun](#)

[Vinnulýsing-sóttkví](#)

[Gæðaskjal um hlífðarbúnað](#)

Markhópur fyrir innlagnir

ATH - BRÁÐAR INNLAGNIR COVID SMITAÐRA EINSTAKLINGA ERU EKKI MÖGULEGAR UTAN DAGVINNUTÍMA. MÓTTÖKUGEÐDEILD ÁSKILUR SÉR TÍMA TIL UNDIRBÚNINGIS SEM ER ALDREI LENGRI EN 12 KLUKKUSTUNDIR.

Sjúklingar með grunaðan eða staðfestan COVID-19 leggjast inn á geðdeildir í samráði við sýkingavarnadeild og/eða vakthafandi sérfræðing í smitsjúkdómum.

Markhópur fyrir innlagnir:

- Sjúklingar sem eru að glíma við bráðan og alvarlegan geðrænan vanda sem krefst innlagnar ásamt því að vera COVID-19 jákvæðir.
- Sjúklingar af öðrum deildum geðsviðs sem eru með COVID-19 og ekki er hægt að útskrifa.

Frábendingar fyrir innlagnir:

- Sjúklingar sem ekki eru með bráðan og alvarlegan geðrænan vanda sem krefst innlagnar.
- Sjúklingar sem hægt er að sinna geðrænt annars staðar.
- Félagslegur vandi.
- Langvinnur vandi sem má bíða.
- Sjúklingar sem þurfa sérhæfða hjúkrun vegna COVID-19.

Sjúklingar með staðfest smit leggjast fyrst og fremst inn á móttökugeðdeild 33C. Sé um mjög órólegan sjúkling að ræða leggst hann inn á öryggissvæði bráðageðdeildar 32C.

Komi upp staðfest smit á öðrum deildum í geðþjónustu og ekki er hægt að útskrifa sjúkling verður hann fluttur á móttökudeild 33C.

Allar aðrar deildir geðþjónustu sinna sjúklingum í sóttkví og sjúklingum sem eru grunaðir um COVID-19 að SEG undantöldu. Þeirra sjúklingar fara á móttökudeild 33C þurfi þeir sóttkví eða obs COVID-19.

Flutningur sjúklings -tafla

Staðfest COVID	Hverjir	Þeir sem eiga jákvætt COVID-19 sýni síðustu 4 vikur
	Hvert fer sj.	Í einangrun á A eða B-gangi móttökudeildar 33C Ef um mjög órólegan sjúkling er að ræða: einangrun á öryggissvæði bráðageðdeildar 32C
	Einangrun	Snerti- og dropasmitgát
	Flutningsleið:	Sjúklingur leggst inn á 33C: Ef sjúklingur er fluttur í húddi fer hann um aðalinngang og upp með lyftu í B-hluta geðdeildarbyggingar. Ef sjúklingur er fluttur með fínagnagrímu án túðu og hefur nægilega hreyfigetu kemur hann upp um brunastiga Eiríksgötumegin og kemur inn á A-gang um brunahurð. <hr/> Sjúklingur leggst inn á 32C: Gengið inn um aðalinngang, upp tröppur eða í lyftu í D-hluta geðdeildarbyggingar, komið inn bakdyramegin og beint inn á öryggissvæði deildar.
	Hlífðarbúnaður sj. við flutning	Húdd eða Sprittaðar hendur, <u>fínagnagríma án túðu</u> og hlífðarsloppur
Obs. COVID	Hverjir	Hiti > 38.0°C, hósti, beinverkir. Sjúklingar sem hafa verið útsettir
	Hvert fer sj.	Ræðst af innlagnarástæðu, allar legudeildir geðþjónustu taka á móti obs COVID-19

	Einangrun	Snerti- og dropasmitgát -obs útgáfa
	Flutningsleið:	Gengið inn um aðalinngang, upp tröppur eða í lyftu í D-hluta geðdeildarbyggingar
	Hlífðarbúnaður sj. við flutning	Sprittaðar hendur og <u>fínagnagríma án túðu</u>
Sjúklingur í sóttkví, EKKI með öndunarfæra einkenni	Hverjir	Þeir sem uppfylla skilmerki fyrir sóttkví en eru án hita og öndunarfæraeinkenna
	Hvert fer sj.	Ræðst af innlagnarástæðu, allar legudeildir geðþjónustu taka á móti sjúklingum í sóttkví
	Einangrun	Snerti- og dropasmitgát
	Flutningsleið:	Stystu leið inn á viðeigandi stofu
	Hlífðarbúnaður sj.	Sprittaðar hendur og skurðstofugríma
Allir aðrir sjúklingar	Hverjir	Þeir sem eru ekki obs. COVID-19, ekki með staðfest COVID-19 og ekki í sóttkví. Án einkenna og hafa ekki verið útsettir
	Hvert fer sj.	Ræðst af innlagnarástæðu
	Einangrun	Þarf ekki að vera í einangrun
	Flutningsleið:	Hvaða leið sem hentar
	Hlífðarbúnaður sj.	Sprittaðar hendur og skurðstofugrímu

Sjúklingur með grun/staðfest smit fluttur innanhúss:

- Flutningum á innliggjandi sjúklingum er haldið í lágmarki.
- Fínagnagríma án túðu þarf að hylja vel og sitja þétt að vitum sjúklings.
- Takmarka fjölda starfsmanna sem flytja sjúkling upp á deild.
- Starfsmenn sem flytja sjúkling nota [viðeigandi hlífðarfatnaði](#) og taka spritt með til að sótthreinsa snertifleti (svo sem lyftuhappar, handrið og fleira).
- Flutningsleið er lokað í samstarfi við öryggisvörð, sími 1807.
- Sjúklingur er fluttur í hjólastól, ef mögulegt er.
- Aðrir sjúklingar dvelja á herbergjum sínum á meðan flutningur stendur yfir.
- Þegar búið er að flytja sjúkling og sótthreinsa snertifleti (þ.m.t. hjólastól) má opna svæðið aftur.
- Ekki er mælt með gólfhreinsun.

Ef sjúklingur er með mikinn hósta eða fyrirséð að hann geti ekki verið með fínagnagrímu er hann fluttur á geðdeild í [flutningshúddi](#). Það er gert í samráði við vaktstjóra á bráðamóttöku í Fossvogi. Ráðgefandi starfsmaður í Fossvogi varðandi notkun húddsins er í síma 620-1691.

Röðun sjúklinga í einangrun á deild

Athugið að COVID-19 jákvæðir mega nota sama salerni og sturtu.

A-gangur 33C

- 1. sjúklingur: herbergi 14
 - A - gangur er rýmdur af öðrum sjúklingum fyrir innlögnina
- 2.-8. sjúklingur: herbergi 16, 19, 21, 24, 26, 6 og 7
- 9.-12. sjúklingur: tvímenna má á sjúkrastofum í neyð

Eða:

B-gangur 33C

- 1. sjúklingur: herbergi 38
- 2. sjúklingur: herbergi 36

Fyrir innlögn: skol og lín flutt fram í setustofu.

B-gangi lokað fyrir aðra en COVID-19 jákvæða.

- 3. sjúklingur: herbergi 33
- 4. sjúklingur: herbergi 31

Bráðageðdeild 32C

- 1. sjúklingur: Öryggissvæði. Sjúklingur dvelur á herbergi. Dagstofa fyrir framan telst óhreint svæði. Loftlás telst hreint svæði.
- 2.-3. sjúklingur: herbergi 36 og 38.
- 4.-5. Sjúklingur: herbergi 33 og 31

Ef plássastaða verður erfið á 32C mun öryggisdeild á Kleppi taka við sjúklingum sem ekki eru smitaðir af COVID-19 en þurfa meðferð á öryggissvæði.

Sýnataka

Gæðaskjal: [Stroksýnataka frá öndunarferum](#)

Neðst í skjalinu má finna linka á myndbönd um sýnatöku úr nefkoki og hálsi.

Ef strok er tekið of snemma, þ.e.a.s ef einkenni eru enn mjög væg er mögulegt að niðurstöður verði falskt neikvæðar. Því er miðað við að taka strok úr sjúklingi með einkenni **ef hiti er 38°C eða yfir**.

Sýni úr nef- og hálskoki eru send til greiningar á sýkla- og veirufræðideild í Ármúla 1a (sími 5900) á opnunartíma deildar. Deildin er opin til kl. 18 á virkum dögum og frá kl. 12 til 16 um helgar og rauðum dögum. Hægt er að hringja í vakthafandi sérfræðilækni í veirufræði gegnum skiptiborð. Gerið rannsóknarstofu viðvart tímanlega um að fyrirhugað sé að senda sýni vegna gruns um COVID-19 smit.

Vaktmaður (sími 1801) kemur og sækir sýnið. Síðasta fasta ferð úr húsi er kl. 14:45. Eftir þann tíma þarf að senda sýni með leigubíl og láta leigubílakort fylgja.

Ef töf verður á sendingu sýnis á sýkla- og veirufræðideild á að geyma sýnið í kæli. Kælir er staðsettur innst í iðjupjálfun á jarðhæð. Aldrei má geyma sýni lengur í kæli en 24 tíma. Best er að taka sýnið á þeim tíma sem sýkla- og veirufræðideild er opin og senda við fyrsta tækifæri. Beiðni er gerð í Cyberlab.

Skimun inniliggjandi sjúklinga

Nú tökum við stroksýni vikulega úr öllum inniliggjandi sjúklingum [samkvæmt verklagi](#). Gæta þarf sérstaklega að frágangi á sýnum. Sýnaglas er sent í plastpoka ætluðum fyrir sýnasendingar. Ekki er leyfilegt að setja sýni frá mörgum sjúklingum í sama plastpokann.

Einnig þarf að ganga úr skugga um að sett hafi verið inn beiðni um sýnatöku í Cyberlab áður en sýnið er sent til úrvinnslu

Varnarteymið

Lendi starfsfólk í átökum við sjúklinga með COVID-19 er mikilvægasta vörnin gegn smiti fólgin í að verja slímhúð í andliti (augu, munn og nef). Því er mikilvægt að nota hlífðarbúnað þannig að hann sitji þétt og örugglega á andlitinu. Veiran smitast ekki gegnum húð, en getur dreifst þaðan í nærliggjandi slímhúðir. Því er handþvottur, og jafnvel sturta eftir átök, mikilvægur þáttur smitgátar.

- Varnarteymismenn klæðast starfsmannafatnaði og nota skurðstofugrímu.
- Varnarteymismenn bera eftirfarandi hlífðarbúnað á sér: gleraugu, fínagnagrímu (með eða án ventsils) og hanska.
- Ef varnarteymið er kallað út vegna mikið útsetts sjúklings, eða sjúklings með staðfest COVID-19 smit og líf hans eða annarra er ekki í bráðri hættu nota varnarteymismenn [hlífðarbúnað](#).
- Ef atvik verður mjög brátt og er lífsógnandi setja varnarteymismenn a.m.k. upp grímu, gleraugu og hanska.
- Þegar aðstæður hafa róast fer starfsmaður við fyrsta tækifæri í sturtu og hrein starfsmannaföt.
- Leita ráða hjá sýkingavörnum s. 543-1414 eða vakthafandi sérfræðingi í smitsjúkdómum gegnum skiptiborð varðandi frekari viðbrögð eftir slík atvik.

Stöðumat varnarteymis

Meðlimir varnarteymis fara yfir COVID-19 stöðuna á deildum á hverri vakt, þ.m.t. hve margir eru í sóttkví eða einangrun og hvar þeir eru staddir á deildum.

Öryggishnappar

Leitast er við að nota sama öryggishnappinn á „óhreinum” gangi.

Öryggishnappar og kalltæki eru sótthreinsuð a.m.k. í lok vaktar með spritti eða virkoni.

Sýkingavarnir mæla með að bönd öryggishnappa séu sóttheinsuð með virkon.

Einangrunarlagar

Lager með flestu því sem þarf að vera til á deild er staðsettur í húsnæði iðjuþjálfunar á jarðhæð. Birgðastjóri einangrunarlagers er Jón verkefnastjóri á 32C (sími 4036).

Varningur sem fjarlægður er af lager þarf að skrásetja á eyðublöð sem má finna á klemmuspjöldum í skápunum. Þetta verklag gerir verkefnastjóra kleift að fylla á lagerinn eins og þarf og tryggir skynsamlega notkun á dýrmætum búnaði.

Þrjár skápar eru á einangrunarlagar:

Einangrun/obs COVID-19: Hér er geymdur hlífðarbúnaður og annað sem á við þegar um staðfest smit er að ræða, eða ef sjúklingur hefur verið mikið útsettur og/eða er með meðal til mikil einkenni.

Sóttkví: Hér er geymdur hlífðarbúnaður og annað sem á við þegar sjúklingur er í sóttkví.

Lager varnarteymis: Hér er geymdur búnaður sem einungis varnarteymi hefur aðgengi að.

Veiruleitarpinnar og ætisglös eru geymd á einangrunarlagar.

Stór einangrunarlagar fyrir allan spítalann er í kjallara undir nýja sjúkrahótelinu. Vanti aðföng af þessum lager þarf starfsmaður að fá hjálp öryggisvarðar í aðalbyggingu. Öryggisvörður er staðsettur við inngang aðalbyggingar, gegnt líndreifimiðstöð. Öryggisvörður fylgir starfsmanni á lager og opnar fyrir honum.

Meðferð og skráning líkamlegra einkenna

Mæla þarf öll lífsmörk reglulega frá upphafi innlagnar.

Sjúklingar eru á herbergisvist.

COVID-19

Verklagsregla: [Uppvinnsla og meðferð sjúklinga með COVID-19](#)

Í [bæklingi fyrir fólk í einangrun í heimahúsi](#) eru góðar upplýsingar um meðferð léttvægra einkenna COVID-19. Haldin er [skrá yfir þá sem fara inn á einangrunarherbergi](#).

Sóttkví

Ef sjúklingur er í sóttkví er notaður einkennaskemi

[Dagleg skimun útsettra sjúklinga í sóttkví án einkenna](#)

Öryggismeðferð sjúklinga sem eru með staðfest smit eða eru obs COVID-19:

- E2-herbergisvist
- S1+herbergisvist+viðvera starfsmanns fyrir utan herbergi

Öryggismeðferð sjúklinga sem eru í sóttkví:

- E1-herbergisvist
- E2-herbergisvist
- S1+herbergisvist+viðvera starfsmanns fyrir utan herbergi ef þarf

Brýna þarf fyrir öllum sjúklingum mikilvægi smitgátar: [veggspjald](#)

Hjúkrunargreiningar

Allir sjúklingar í sóttkví/obs COVID-19 hafa hjúkrunargreininguna „hætta á sýkingu”

Sjúklingar með staðfest smit hafa hjúkrunargreininguna „sýking”.

Læknismeðferð

[Ísafold Helgadóttir](#) geðlæknir mannar læknateymi COVID-19.

Símaskrá

Athygli er vakin á [COVID-19 - símaskrá](#).

Verklag á farsóttaeiningum/einangrun

Undirbúningur einangrunarherbergis:

- Þegar einangrunarherbergi er í notkun er það merkt með [einangrunarspjaldi](#) á hurð, ásamt upplýsingum um [hlífðarbúnað](#).
- Allir ónauðsynlegir hlutir eru fjarlægðir úr herbergi.
- Viðeigandi hlífðarbúnaður er geymdur á borði fyrir framan dyr einangrunarherbergis.
- Spritt er aðgengilegt fyrir framan herbergi/í fordyri.
- Hlustunarpípa, blóðþrýstingsmælir, hitamælir, stasi, nálabox og önnur tæki sem þarf til meðferðar sjúklings er staðsett á herbergi meðan sóttkví/einangrun varir.
- Margnota hlutir þurfa að þola sóttþreinsun.
- Tau: Vatnsuppleysanlegur poki er settur í grind í fordyri.
- Ruslafata með glærum ruslapoka er sett í fordyri.

Meðferð á deild

- Starfsmenn fara í [hlífðarbúnað](#) áður en þeir fara inn á einangrunarsvæði.
- Takmarka skal fjölda starfsmanna sem sinna sjúklingum á einangrunarsvæði. Þessir starfsmenn ættu ekki að sinna öðrum sjúklingum eða verkum.
- Hafa hurðir lokaðar eins og hægt er.
- Séu laus skilrúm notuð skal fylgja [verklagi](#).
- Yfirsetuskipti eru á tveggja klukkustunda fresti til að minnka smithættu.
- Fylgja skal verklagi um öryggismeðferð og öðrum fyrirmælum.
- Móttaka fer fram á einangrunarherbergi og fer sjúklingur ekki þaðan út fyrr en einangrun er aflétt.
- Sjúklingur klæðist sjúkrahúsfötum.

- Reglur deilda og ástand sjúklings ráða símanotkun.
- Heimsóknir eru ekki leyfðar nema með sérstakri heimild.
- Hjúkrun sem krefst sogs eða öndunaraðstoðar er ekki veitt á geðdeild.
- Öryggis meðferðir: sjá kaflann um [Meðferð og skráning líkamlegra einkenna](#).
- Sjúklingar hafa ekki aðgang að reykhherbergjum.
- Útskrifa má sjúkling heim í sóttkví/einangrun í samráði við vakthafandi sérfræðing í smitsjúkdómum.

Þegar sjúklingur þarf á salerni sem er á stofu þar sem salerni er utan óhreins svæðis, skal setja á hann fínagnagrímu ÁN ventils ef ástand hans leyfir, annars skurðstofugrímu, í hlífðarslopp og með sprittaðar hendur. Þegar hann er búinn á salerninu skal starfsmaður á farsóttæiningu virkon þrifa eða spritta alla snertifleti á salerninu.

Mikilvægt er að virkon þrifa eða spritta alla snertifleti á gangasvæði farsóttæiningar á klukkustundar fresti t.d. hurðahúna, hurðaopnara, tölvur og fleira.

Þegar farið er með tæki inn til sjúklings, t.d. hjartalínurita, skal starfsmaður inn á stofunni keyra tækið út um hurðina og biðja annan starfsmann sem er með hreina hanska að sótthreinsa tækið. Að því loknu skal starfsmaður sem hreinsaði tæki, fjarlægja hanska, spritta hendur og fara í nýja hanska.

Ferli líns og sorps út af farsóttæiningu

Sorp:

- Fer í glæra ruslapoka inn á stofum sjúklinga.
- Allt sorp sem kemur frá farsóttæiningu hvort sem það kemur frá sjúkrastofu eða ganginum sjálfum er sett í gulan sorppoka „sóttmengað - brennist“. Þessir gulu sorppokar mega aldrei fara inn á farsóttæininguna sjálfa.
- Hreinn starfsmaður íklæddur slopp og með skurðstofugrímu og hanska heldur gulum sorppoka opnum og stendur fyrir utan farsóttæiningu.
- Óhreinn starfsmaður setur glæra sorppokann ofan í gula pokann.
- Gula poka lokað vel með plastböndum.
- Pokanum komið fyrir í ruslagrind.

Óhreint lín af skoðunarstofum er sett í vatnsuppleysanlegan poka inn á stofu sjúklings og svo skal fylgja eftirfarandi verklagi:

- Pokinn er tæmdur þegar hann er hálf fullur.
- Á/við herbergi sjúklings er grind með vatnsuppleysanlegum poka fyrir óhreint lín
- Pokanum er lokað vandlega með bandinu sem hangir við hann. Óhreinn starfsmaðurinn heldur pokanum frá sér.
- Hreinn starfsmaður íklæddur slopp og með skurðstofugrímu og hanska stendur fyrir utan farsóttæiningu og heldur hvítum lín poka opnum.
- Starfsmaður á farsóttæiningu lætur vatnsuppleysanlega pokann ofan í hvíta pokann.
- Starfsmaður fyrir utan farsóttæiningu lokar lín pokanum, heldur honum frá sér og fer með hann inn í lín/rusla geymslu. Fjarlægir hanska, sprittar hendur, fjarlægir skurðstofugrímu og sprittar aftur hendur.

Athugið ef línið sem kemur frá sjúklingi er blautt á að láta vatnsuppleysanlega pokann í glæran plastpoka áður en hann er settur í venjulegan línþoka.

Mataráhöld á farsóttæiningu/einangrun

Nota má fjölnota matarbakka á móttökugeðdeild 33C

- Hreinn starfsmaður í slopp og með hanska færir starfsmanni í einangrun bakkann.
- Frágangur: Matarvagninn er keyrður eins nálægt farsóttæiningu og hægt er. Starfsmaður inni á farsóttæiningu réttir hreinum starfsmanni (sem nú klæðist skurðstofugrímu, slopp og hönskum) út um dyr farsóttæiningar, matarbakki fer tafarlaust í matarvagninn
- Matarbakkar frá farsóttæiningu fara síðastir í matarvagn
- Matur á deild 32C verður skammtaður á einnota mataráhöld sem fara í ruslið inni á farsóttæiningunni

Þrif

Ræsting sér um dagleg þrif á herbergi sjúklinga í sóttkví/einangrun

Framkvæmd lokaþrifa:

- Starfsfólk deildar í viðeigandi hlífðarbúnaði sér um að ganga frá stofu fyrir lokaþrif.
- Einnota hlutum er fargað sem sóttmenguðum úrgangi þegar þeir eru fjarlægðir úr stofunni.
- Hlutir sem sótthreinsa má í skolpotti/áhaldaþvottavél eru fluttir á öruggan hátt á skolherbergi og settir beint í sótthreinsun.
- Setja lín í vatnsuppleysanlegan poka og sorpi í glæran rusla poka. Gangna svo frá líni og sorpi út af farsóttaeiningunni samkvæmt leiðbeiningum í kaflanum um frágang á líni og sorpi út úr farsóttaeiningu.
- Lífsmarkamælitæki og annar aukabúnaður eru sótthreinsuð inni á herbergi með virkon/spritti og flutt af einangrunarherbergi. Athugið að ílát með virkonlausn fer ekki inn á sjúkrastofuna.

Þrif eru pöntuð undir flípanum „pantanir og rekstur“ á innri vefnum

Versnun á líkamlegum veikindum - sjúklingur fluttur

Geðþjónusta getur ekki sinnt sjúklingum sem þurfa langtíma súrefnismeðferð eða sog. Þessir sjúklingar eru fluttir á aðrar deildir í samvinnu við vakthafandi sérfræðing í smitsjúkdómum.

Ef líkamlegt ástand sjúklings versnar má hafa samband við GÁT teymi gjörgæslu (sími 824-5455 á Hringbraut).

Sjúklingur telst vera með alvarlega lungnabólgu ef hann hefur hita, ásamt einu af eftirfarandi einkennum:

- Öndunartíðni yfir 30/mín.
- Mikil andnauð.
- Súrefnismettun undir 93% án súrefnismeðferðar.

Sjúklingar með COVID-19 eru í aukinni hættu á blóðsýkingu (sepsis), sem þarfnast tafarlausrar meðferðar endurlífgunarteymis (sími 9999). Einkenni blóðsýkingar geta verið:

- Breytingar á meðvitundarástandi.
- Öndunarerfiðleikar.
- Lág súrefnismettun.
- Minnkaður þvagútskilnaður.
- Hraður hjartsláttur.
- Veikur púls.
- Kaldir útlimir.
- Lágur blóðþrýstingur.

Flutningar sjúklunga með COVID-19 út úr húsi eru alltaf í sjúkrabíl.

Flutningur sjúklings í Fossvog vegna versnunar á líkamlegu ástandi:

Sjá [Flutningur sjúklings -tafla](#)

Ef sjúklingur er með mikinn hósta eða fyrirséð að hann geti ekki verið með fínagnagrímu er hann fluttur í [flutningshúddi](#). Það er gert í samráði við vaktstjóra á bráðamóttöku í Fossvogi. Ráðgefandi starfsmaður í Fossvogi varðandi notkun húddsins er í síma 620-1691.

Vaktstjóri á bráðamóttöku í Fossvogi er í síma 824-5873.

Útskriftir

Sjúklingar með COVID-19 sem hafa verið í innlögn útskrifast í samráði við COVID-19 göngudeildina og vakthafandi sérfræðing í smitsjúkdómum.

Bráðamóttaka geðþjónustu

Búnaður

Starfsmenn nota vinnufatnað spítalans og skurðstofugrímu.

Starfsfólk bráðamóttöku hitamælir alla sjúklinga sem koma til innlagnar.

Þvottur og sprittun

Allir sem koma inn á bráðamóttöku spritta hendur og nota skurðstofugrímu.

Skimunarspurningar: móttökuritari á bráðamóttöku geðþjónustu spyr alla sjúklinga

Ef svarið er já við einhverjum af skimunarspurningunum biður ritari um símanúmer sjúklings og biður hann um að fara út úr húsi. Lætur síðan vakthafandi deildarlækni strax fá símanúmer og nafn sjúklings.

Undanþága er ef sjúklingur er í mjög órólegu ástandi, ekki vísa sjúklingi út en láta lækni strax vita.

Skimunarspurningar á íslensku:

1. Hefur þú ferðast til útlanda síðastliðna 14 daga?
2. Hefur þú verið í tengslum við einhvern með staðfest COVID-19 smit (fjölskylda, vinir, skólafélagar, vinnufélagar, ferðafélagar)?
3. Ert þú í sóttkví?
4. Ertu með einhver öndunarferaeinkenni, beinverki og/eða hita?
5. Ertu með staðfest Covid-19? (jákvætt sýni síðustu fjórar vikur)

Enska

COVID-19 screening questions in english:

1. Have you been travelling abroad during the last 14 days?
2. Have you been in contact with someone with a confirmed COVID-19 infection (family, friends, schoolmates, coworkers, travel companions)?
3. Are you currently in quarantine?
4. Do you have symptoms resembling those of influenza og common cold? (cough, fever, muscle pain, shortness of breath/ breathing difficulties)
5. Do you have a confirmed diagnosis of Covid-19? (positive test in the last 4 weeks)

Pólska

Pytania odnosnie COVID-19, wersja polska:

1. Czy przebywałeś za granicą w ciągu ostatnich 14 dni?
2. Czy miałeś kontakt z osobą, u której stwierdzono zakażenie COVID-19 (krewini, przyjaciele, koledzy ze szkoły, współpracownicy, towarzysze podróży)?
3. Czy jesteś obecnie poddawany kwarantannie?
4. Czy występują u Ciebie objawy przypominające grype lub przeziębienie (kaszel, gorączka, bóle mięśniowe, trudności w oddychaniu)?
5. Czy stwierdzono u Ciebie zakażenie COVID-19 (dodatni wynik testu w ciągu ostatnich 4 tygodni)?

Grunur vaknar um COVID-19 smit eftir komu á bráðamóttöku

- Fínagnagríma án túðu sett á sjúkling og hendur hans sprittaðar.
- Umhverfi sem sjúklingur getur hafa mengað er strax þrifið með [Virkon](#) eða spritti og klæðist starfsmaður viðeigandi [hlífðarbúnaði](#) við það verk. Móttökuborð og nánasta umhverfi er sótthreinsað með [Virkon](#) eða spritti.
- Starfsmaður metur sjúkling (fyrir utan húsið), útskrifar heim í samráði við vakthafandi sérfræðing eða tekur inn til frekari skoðunar.
- Ef ekki er hægt að setja fínagnagrímu á sjúkling er svæðið sem hann hefur dvalið í og/eða gengið í gegnum lokað þar til lokapríf hafa verið framkvæmd af ræstingafólki. Lokapríf má panta í gegnum flipann „pantanir og rekstur” á innri vefnum, flokkur 4.
- Ef sjúklingur þarfnast innlagnar í Fossvog vegna líkamlegs ástands skal flytja hann í sjúkrabíl í [snerti-](#) og [úðasmitseinangrun](#).

Starfsmenn

Með réttri notkun hlífðarbúnaðar er smithætta mjög lítil!

Ef starfsmenn fá einkenni sem geta bent til COVID-19 skal fylgja eftirfarandi [vinnulýsingu](#)

Allir starfsmenn klæðast vinnufötum og skilja vinnuskó eftir í vinnunni. Handskart er skilið eftir heima.

Skurðstofufugrímur eru notaðar í samræmi við [reglur farsóttanefndar](#), sjá [veggspjald](#) um örugga notkun.

Greinist starfsmaður með smit er deild sett í sóttkví og fylgja þarf eftirfarandi [vinnulýsingu](#).

Við sérstakar aðstæður getur starfsmaður sem hefur verið útsettur fyrir smiti í vinnu haldið áfram störfum sínum og er þá í sóttkví B samkvæmt [vinnulýsingu](#).

Hafi starfsmaður orðið útsettur fyrir COVID-19 smiti fylgist hann með einkennum, skráir og bregst við skv skjalinu [dagleg skimun heilbrigðisstarfsmanns sem er útsettur fyrir COVID-19-eftirlit með einkennum og skráning](#).

Fái starfsmaður COVID-19 fyllir hjúkrunarfræðingur út [skráningareyðublað vegna COVID-19 hjá starfsmanni](#).

Ýmis skjöl

[COVID-19 handbók Landspítala](#)

[Vinnulýsing](#) vegna innlagna sjúklinga í einangrun, m.a. vegna sjúklinga sem leggjast inn á deildir geðþjónustu

Umhirða skjóltjaldar: Í þessari [vinnulýsingu](#) má finna upplýsingar um notkun á skjóltjöldum [Flæðirit](#) til að útskýra mismunandi tegundir sóttkvía fyrir starfsmenn